
Hvernig er Dashboard sett upp í SalesCloud

Síðast uppfært 15/10/2026 4:16 pm BST

Á Dashboard síðunni getur þú fundið mismunandi skýrslur og upplýsingar sem gefa þér ítarlegri innsýn í reksturinn þinn. Þú getur valið úr mörgum mismunandi valmöguleikum til að birta þau gögn sem henta þér best hverju sinni t.d. vörur, pantanir, áskriftir og greiðslur.

1. Skráðu þig inn á **hq.salescloud.is**
2. Veldu **Overview** > **Dashboard** í valmyndinni vinstra megin.
3. Dashboard valmyndinn byrjar alltaf með grunn mælaborði (Default) sem þú getur svo aðlagað að þínum þörfum. Ef þú vilt frekar búa til alveg nýtt Dashboard fyrir eitthað sérstakt, þá einfaldlega smelliru á "Add" uppi í vinstra horninu



4. Efst í mælaborðinu, undir hausnum á valmyndinni eru stillingar fyrir gögnin í mælaborðinu fyrir tímabil **(Period)**, **Channels** og tíma dags **(Start Time og End Time)** sem þú getur svo síað eftir. Til dæmis, ef þú vilt bara sjá netsölur fyrir daginn í gær, þá getur þú valið í Period, Yesterday og svo í Channels, Online og Time of Day sem All day.
5. Hver og einn partur (box) af mælaborðinu hefur valmöguleika fyrir niðurhal og stillingar í efra hægra horninu.
    a. **PDF** er til að sækja PDF skjal.
    b. **XLS** er til að sækja Excel/ Töluleg gögn.
    c. **Örin upp** er til að færa þetta tiltekna box upp í mælaborðinu.
    d. **Örin niður** er til að færa boxið niður í mælaborðinu.
    e. **Örvakrossinn** er til að draga boxið til og færa á nýjan stað.
    f. **Tannhjólið** er til að opna stillingar fyrir þetta box.
    g. **Örvahringurinn** er til að endurhlaða gögnin í boxinu.
6. Til að bæta við boxum við mælaborðið, þá smellir þú á CREATE NEW efst vinstra megin. Þú getur svo notað leitarstikuna eða skrunað niður til að finna þær upplýsingar sem þú vilt birta í mælaborðinu. *Þegar þú hefur bætt við boxi, þá þarf að endurhlaða síðuna svo það birtist.*